

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.
Stella Rúnarsdóttir
Dalbraut 12
840 Laugarvatn


Reykjavík, 26. maí 2021
UST202105-281/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 - Reiðleið með Skeiða- og Hrunamannavegi

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Bláskógarbyggðar er barst 26. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu vegna breytingar á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027, vegna reiðleiðar með Skeiða- og Hrunamannavegi (2012004).

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að setja inn reiðleið með Skeiða- og Hrunamannavegi, frá Biskupstungnabraut að Einholtslæk. Auk þess kemur fram að frá Einholtslæk að Einholtsvegi er gert ráð fyrir í gildandi aðalskipulagi reiðleið austan við veginn, með breytingunni verður hún færð vestur fyrir veginn. Einnig kemur fram að reiðleiðin verður innan veghelgunarsvæðis Skeiða- og Hrunamannavegar og er á svæði sem þegar hefur verið raskað með vegagerð, girðingum og skurðum.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda tillögu og gerir ekki athugasemdir við hana.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst,



Björn Stefánsson
sérfræðingur